

12.10.2023



## Velta Ölgerðarinnar eykst um 21%

Árshlutareikningur samstæðu Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. fyrir tímabilið 1. mars 2023 – 31. ágúst 2023 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi 12. október 2023.

Helstu niðurstöður árshlutareiknings fyrir annan ársfjórðung 2023 (Q2 2023) eru:

- **EBITDA nam 1.933 millj. kr. samanborið við 1.544 millj. kr. á Q2 2022, sem jafngildir 25% hækkun milli ára.**
- **Vörusala samstæðu Ölgerðarinnar var 21% meiri á öðrum ársfjórðungi 2023 en á sama tímabili 2022.**
- **Hagnaður fyrir skatta var 1.484 millj. kr. á Q2 2023 og jókst um 34% miðað við Q2 2022.**
- **Eigið fé í lok Q2 2023 nam 13,8 ma. kr. og var eiginfjárhlutfall 45,2% samanborið við 39,3% við lok síðasta fjárhagsárs.**
- **Nettó vaxtaberandi skuldir ásamt leiguskuldbindingu voru 6,9 ma. kr. í lok Q2 2023 og lækkuðu um 430 millj. kr. á tímabilinu þrátt fyrir yfirtöku skulda Iceland Spring sem voru 668 millj. kr. í lok tímabilsins.**
- **Afkomuspá stjórnenda fyrir samstæðu Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárið 1. mars 2023 – 28. febrúar 2024 gerir ráð fyrir að EBITDA verði 5.200 – 5.500 millj. kr., en áður útgefin spá gerði ráð fyrir 5.000 - 5.350 millj. kr.**

## Lykiltölur Q2 2023 (mkr.)

Rekstrarreikningur Samst.	Q2 2023	Q2 2022	Breyt.	% Breyt
Vörusala	12.796	10.590	2.207	21%
Áfengis- og skilagjald	3.413	2.934	480	16%
Vörunotkun	4.909	3.911	998	26%
Annar framleiðslukostnaður	162	158	3	2%
Framlegð	4.313	3.587	726	20%
Aðrar tekjur	11	13	-1	-9%
Laun og launatengd gjöld	1.115	1.029	86	8%
Sölu- og markaðskostnaður	665	522	143	27%
Annar kostnaður	611	504	107	21%
EBITDA	1.933	1.544	389	25%
Afskriftir	254	216	39	18%
EBIT	1.679	1.329	350	26%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	194	222	-28	-12%
Hagnaður fyrir skatta	1.485	1.107	378	34%
Tekjuskattur	294	220	75	34%
Hagnaður e skatta	1.190	887	303	34%

Á öðrum ársfjórðungi fjárhagsársins jókst velta félagsins um 2,2 ma. kr. Um 29% af þeim vexti kemur frá Iceland Spring sem er nú hluti samstæðu Ölgerðarinnar en var það ekki á sama tíma í fyrra. Að öðru leyti kemur vöxturinn að mestu frá sölu á bjór auk þess sem góður vöxtur var í gosdrykkjum og virknidrykkjum.

Efnahagsreikningur	31.8.2023	28.2.2023	Breyt.	% Breyt
Eignir	30.471	25.676	-647	-2%
Eigið fé	13.806	10.081	1.279	10%
Eiginfjárlutfall	45,3%	39,3%	4,9	
Vaxtaberandi skuldir og leigusk.	8.198	8.496	-1.430	-15%
Handbært fé	1.305	1.172	-230	-15%
Nettó vaxtaberandi skuldir og leigusk.	6.893	7.324	-1.200	-15%
EBITDA sl. 12 mán	5.143	4.560	389	8%
NIDB/EBITDA sl. 12 mán	1,3	1,6	-0,4	

Nettó vaxtaberandi skuldir, að viðbætti 129 millj. kr. húsaleiguskuldbindingu voru 6,9 ma. kr. í lok ársfjórðungsins. Það er lækkun um 430 millj. kr. frá lokum síðasta fjárhagsárs þrátt fyrir að skuldir Iceland Spring að fjárhæð 668 millj. kr. bættust við á tímabilinu.

Meðalvextir skulda samstæðunnar í íslenskum krónum voru 11,2% þann 31. ágúst 2023. Áhrif síðustu vaxtahækkunar Seðlabankans þann 24. ágúst 2023 voru ekki að fullu komin fram.

Jákvæð gengisáhrif voru 65 millj. kr. á Q2 2023 sem kom til vegna styrkingar krónunnar á móti þeim myntum sem viðskiptaskuldir samstæðunnar eru í. Gengisáhrifin eru færð meðal fjármagnsliða.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á tímabilinu var í takt við áætlanir. Meðal fjárfestinga voru tveir rafmagnsvörubílar til notkunar við dreifingu á vörum Ölgerðarinnar. Stjórnendur telja ekki ástæðu til að endurskoða fjárfestingaáætlun fyrir fjárhagsárið sem er 1.235 millj. kr.

Lykiltölur 6 mán 2023 (mkr.)

### **EBITDA eykst um 23,3%**

Velta samstæðunnar jókst um 4,2 ma. kr. eða 21% á fyrri helmingi fjárhagsársins. Um 29% af veltuaukningu má rekja til þess að nú er Iceland Spring hluti af samstæðu Ölgerðarinnar. Meirihluti aukningar kemur til vegna meiri sölu í drykkjarvöru en magnaukningin í líturum innanlands er ríflega 7% en aukning í fjölda dósa er tæplega 14%. Það er því ljóst að áframhaldandi þróun á markaði er í átt að minni skammtastærðum.

EBITDA á fyrri helming fjárhagsársins var tæpir 3,1 ma. kr. sem er aukning um 23,3% m.v. sama tíma í fyrra.

Vörusala Iceland Spring hefur 1,2 ma. kr. áhrif á tekjur samstæðunnar á tímabilinu. EBITDA áhrifin voru 170 millj. kr.

Hagnaður eftir skatt var 2.153 millj. kr. sem er 52,9% aukning frá sama tíma í fyrra. Þess ber að geta að á fyrsta ársfjórðungi var innleystur einkislaus hagnaður vegna hækkunar eignarhlutar í Iceland Spring. Ölgerðin eignaðist 51% í Iceland Spring sem áður var 40% hlutdeildarfélag. 40% hluturinn var bókaður á 737 millj. kr. í lok síðasta fjárhagsárs. Við hækkun eignarhlutarins var eldri hlutur færður til gangvirðis sem miðast við verð Iceland Spring í viðskiptunum. Við það myndast 368 millj. kr. hlutdeildartekjur í rekstri fyrsta ársfjórðungs. Án þessa einkislausliðar væri hagnaðaraukning 26,8%

Laun- og launatengd gjöld hafa hækkað um 15,3% á tímabilinu einkum vegna aukinna umsvifa og viðbótar launakostnaðar Iceland Spring. Hlutfall launakostnaðar af veltu er nú 9,9% en var á sama tímabili í fyrra 10,4%. Hlutfall annars rekstrarkostnaðar var 10,5% en var 10,4% á sama tímabili í fyrra.

Uppfærð afkomuspá stjórnenda gerir ráð fyrir að EBITDA fjárhagsársins 1. mars 2023 – 28. febrúar 2024 verði á bilinu 5.200-5.500 millj. kr. en áður útgefin spá gerði ráð fyrir 5.000 - 5.350 millj. kr.

Það sem af er 3. ársfjórðungi er áfram góður tekjuvöxtur, um 19%. Virknidrykkir og sérvara er í sérstaklega góðum vexti.

**Áhrif Iceland Spring****6 mán 2023**

Vörusala	1.161
Áfengis- og skilagjald	
Vörunotkun	809
Annar framleiðslukostnaður	
Framlegð	352
Aðrar tekjur	
Laun og launatengd gjöld	47
Sölu- og markaðskostnaður	51
Annar kostnaður	85
EBITDA	170
Afskriftir	24
EBIT	146
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	70
Hagnaður fyrir skatta	76
Tekjuskattur	
Hagnaður e skatta	76

<b>Rekstrarreikningur Samst.</b>	<b>6 mán 2023</b>	<b>6 mán 2022</b>	<b>Breyt.</b>	<b>% Breyt</b>
Vörusala	23.836	19.672	4.163	21%
Áfengis- og skilagjald	6.222	5.352	871	16%
Vörunotkun	9.374	7.298	2.076	28%
Annar framleiðslukostnaður	319	446	-127	-29%
Framlegð	7.921	6.577	1.344	20%
Aðrar tekjur	23	16	7	44%
Laun og launatengd gjöld	2.353	2.041	311	15%
Sölu- og markaðskostnaður	1.333	1.050	282	27%
Annar kostnaður	1.169	995	174	17%
EBITDA	3.090	2.507	583	23%
Afskriftir	501	426	76	18%
EBIT	2.589	2.081	507	24%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	-5	322	-327	-102%
Hagnaður fyrir skatta	2.594	1.760	834	47%
Tekjuskattur	440	351	89	25%
Hagnaður e skatta	2.153	1.408	745	53%

„Rekstur Ölgerðarinnar gekk vel á tímabilinu eins og lesa má í árshlutauppgjöri. Sala helstu vöruflokka heldur áfram að aukast og það er afar ánægjulegt að sjá áframhaldandi vöxt í sölu á sykurlausum drykkjum og drykkjum í minni skammtastærðum, sem er mjög í takt við markmið okkar. Sala virknidrykkja og bjórs eykst ennfremur og ljóst að neytendur kunna vel að meta bæði þær vörur og þá vöruþróun og nýsköpun sem á sér stað hjá fyrirtækinu. Kaup fyrirtækisins á meirihluta í Iceland Spring vatnsfyrirtækinu er langtímafjárfesting og fyrirhugað er að auka afkastagetu á næstu árum. Viðræður eru í gangi við Reykjavíkurborg vegna lóðar á Hólmsheiði sem stendur nálægt vatnslindinni og við sjáum mikil tækifæri framundan,“ segir Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar.

**Nánari upplýsingar veita:**

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri. [andri.thor.gudmundsson@olgerdin.is](mailto:andri.thor.gudmundsson@olgerdin.is) / s.: 665-8010

Jón Þorsteinn Oddleifsson, fjármálastjóri. [jon.thorsteinn.oddleifsson@olgerdin.is](mailto:jon.thorsteinn.oddleifsson@olgerdin.is) / s.: 820-6491